

111. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.

Haldinn í Bergi miðvikudaginn 25. maí 2022. Fundur hófst kl. 14:45.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Þórhalla Karlsdóttir og Jóhann Már Kristinsson framkvæmdastjóri.

#### Dagskrá:

- 1. Bréf til stjórnar.** Björk Hólm og Jóhann Már hafa tekið saman bréf með vangaveltum um starfið í Bergi og daglegan rekstur hússins. Nú, þegar daglegt líf þjóðarinnar hefur færst í venjulegar skorður, er komin nokkur reynsla á þær breytingar sem gerðar voru á rekstrarfyrirkomulagi Menningarhússins Bergs á árinu 2020. Ljóst er að línur þarf að skerpa varðandi eitt og annað, s.s. hvað heyrir undir hvern. Samstarfsmöguleikar ræddir, öryggiskerfi hússins, veikburða hljóðkerfi, o.fl. Framkvæmdastjóri lagði einnig fram yfirlit yfir yfirvinnu í mars og apríl. Ljóst er að starfshlutfall framkvæmdarstjóra dugar ekki til að ná yfir allt sem undir hann heyrir þegar starfið í húsinu er blómlegt. Stjórnin sammála um að leita leiða til að greiða fyrir yfirvinnuna. Fram kom að SSNE er með sjóð sem hægt er að sækja í til styrktar menningarhúsum. Framkvæmdastóra falið að kanna þann möguleika. Jóhanni var þakkað fyrir gott yfirlit og mikilvægar upplýsingar sem koma fram í bréfunum.
- 2. Undirbúningur aðalfundar.** Ársreikningurinn liggur ekki endanlega fyrir, er þó kominn til endurskoðenda. Aðalfundar verður boðaður þann 9. júní n.k. kl. 14:00.
- 3. Gjaldskrá.** Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að breyttri gjaldskrá hússins. Stjórnin mun skoða tillöguna og afgreiða síðar.
- 4. Rekstur kaffihúss.** Ekki barst umsókn um rekstur kaffihússins til lengri tíma þegar rekstur þess var auglýstur á dögnum en Hólmfríður Skúladóttir ætlar að reka það næstu þrjár vikurnar. Umræða um mögulegar lausnir en engin niðurstaða.
- 5. Skipulagskrá Menningarfélagsins Bergs.** Freyr lagði Skipulagskrá Menningarfélagsins Bergs ses fram til skoðunar. Hún þarfnast endurskoðunar, m.a. vegna dagsetninga sem ekki er mögulegt að standa við.

Jóhann vék af fundi kl. 16:45.

- 6. Ráðning framkvæmdastjóra.** Fyrir liggja 6 umsóknir um stöðu framkvæmdastjóra en viðtölum við umsækjendur er ekki lokið hjá ráðningarþjónustunni. Þar sem leggjast þarf yfir framtíðarskipan á starfseminni í húsinu var samþykkt að ráða nýjan framkvæmdastjóra tímabundið ef hægt er. Líklega þarf að hækka starfshlutfallið eða bæta við starfsmanni. Frekari umræður urðu um framtíðarfyrirkomulag á rekstri hússins og kaffihússins.

Fundi slitið kl. 17:00.